

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 283/2011

2012/EES/12/37

frá 22. mars 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 633/2007 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulagið sem um getur í 7. gr. (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins  
(EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi  
evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar  
(rekstrarsamhæfisreglugerðin) <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.  
549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að  
koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) <sup>(2)</sup>, einkum  
1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilgangurinn með því að framfylgja samskiptareglum  
skeytasendinga vegna flugs er sá að nota þær til að  
skiptast á fluggögnum í samræmi við reglugerð fram-  
kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006 frá 6. júlí 2006  
um kröfur um sjálfvirk kerfi til að skiptast á fluggögnum  
að því er varðar tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu  
upplýsinga um flug milli flugstjórnardeilda <sup>(3)</sup>.
- 2) Í því skyni að fara að kröfunum í 6. lið I. viðauka við  
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 633/2007 frá  
7. júní 2007 um kröfur vegna beitingar samskiptareglna  
skeytasendinga vegna flugs sem eru notaðar við  
tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu upplýsinga um  
flug milli flugstjórnardeilda <sup>(4)</sup>, verða sum aðildarríki  
eða veitendur flugleiðsöguþjónustu að uppfæra bæði  
net sín, sem notast við IP-samskiptareglur, og mörg  
af fluggagnakerfum sínum ásamt netgrunnvirkjum.  
Kostnaður við að uppfæra kerfin fyrir 20. apríl 2011  
gæti orðið umtalsverður fyrir hlutaðeigandi aðildarríki  
eða veitendur flugleiðsöguþjónustu og af þessum  
sökum skal viðeigandi umbreytingarfyrirkomulag (áður  
bráðabirgðafyrirkomulag) stuðla að því að lágmarka  
þennan kostnað.
- 3) Á gildistíma umbreytingarfyrirkomulagsins skulu  
hlutaðeigandi aðildarríki eða veitendur flugleiðsögu-  
þjónustu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja  
rekstrarsamhæfi innan evrópska netsins fyrir rekstrar-  
stjórnun flugumferðar (EATMN).
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 633/2007 til  
samræmis við það.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt  
loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*1. gr.*

Í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 633/2007 skulu tvær fyrstu  
málsgreinarnar númeraðar og eftirfarandi 3., 4. og 5. mgr. bætt  
við:

„3. Ef aðildarríki eða veitandi flugleiðsöguþjónustu  
þróar samskiptareglur skeytasendinga vegna flugs á milli  
sinna kerfa, í tengslum við framkvæmd reglugerðar (EB)  
nr. 1032/2006, skulu kerfin, sem um getur í a- og b-lið 2.  
mgr. 1. gr., vera í samræmi við kröfurnar í I. viðauka eigi  
síðar en 31. desember 2012.

4. Ef aðildarríki eða veitandi flugleiðsöguþjónustu  
hefur lagt inn pöntun eða skrifað undir bindandi samning  
þar að lútandi eða þróað samskiptareglur skeytasendinga  
vegna flugs fyrir kerfin, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr.  
1. gr., fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, þannig  
að ekki sé unnt að tryggja að farið sé að ákvæðum 6.  
liðar í I. viðauka, er veitanda flugleiðsöguþjónustu eða  
herflugumferðarstjórnardeild heimilt að nota aðrar útgáfur  
af IP-samskiptareglum við jafningjafjarskipti á milli sinna  
kerfa þar til 31. desember 2014.

Þessi aðildarríki og veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu  
 tryggja að öll jafningjafjarskipti, frá þeirra kerfum til kerfa  
annarra aðildarríkja eða veitenda flugleiðsöguþjónustu, séu  
í samræmi við kröfurnar, sem tilgreindar eru í I. viðauka,  
nema tvíhliða samningur, sem gerður er fyrir 20. apríl  
2011, leyfi að aðrar útgáfur af IP-samskiptareglunum séu  
notaðar á umbreytingartímabili sem lýkur eigi síðar en 31.  
desember 2014.

5. Aðildarríkin, sem um getur í 3. og 4. mgr., skulu  
senda framkvæmdastjórninni, fyrir 20. apríl 2011,  
ítarlegar upplýsingar um þær ráðstafanir sem veitandi  
flugleiðsöguþjónustu eða herflugumferðarstjórnardeildir  
hafa gert til að tryggja rekstrarsamhæfi kerfanna, sem um  
getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., innan evrópska netsins  
fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist  
í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 23.3.2011, bls. 23. Hennar var  
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2011 frá 2.  
desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-  
samninginn, (biður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

---